

5. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla árið 2009, haldinn 7. des. kl. 10:00, í Flúðaskóla. 42. fundur kjörtímabilsins.

Mætt til fundar: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Esther Guðjónsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Berglind Bjarnadóttir og Jóhannes Sigurðsson fulltrúar Skeiða – og Gnúpverjahrepps og Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara.

Dagskrá

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Fjárhagsáætlun 2010**
- 3. Félagsmiðstöðin Zero-forstöðumaður mætir**
- 4. Skólanámskrá**
- 5. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

1.– 4. bekkur fór í fjöruferð á Eyrabakka og Stokkseyri og 5. – 7. bekkur fór í menningarferð til Reykjavíkur í Þjóðminjasafnið og Þjóðmenningarhúsið. 6. október fór norræna skólahlaupið fram og var heildarvegalengd þátttakenda 820 km.

Foreldrafélagið var með aðalfund þar sem m.a. var kosið í skólaráð og síðan var fyrirlestur um örugga netnotkun. Mjög léleg mæting var á fundinn.

Nemendur í 6. og 7. bekk Flúðaskóla og Halla Sigríður umsjónarkennari 7. bekkjar og náttúrufræðikennari, taka þátt í verkefninu „Vatnsmæling í grennd“ sem er samstarfsverkefni Samorku – samtaka vatnsveitna, grunnskóla og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Verkefnið er að alþjóðlegri fyrirmynd World Water Monitoring Day WWMD. Tilgangurinn er efla vitund og þátttöku hins almenna borgara í að ganga vel um vatnið og vernda það fyrir mengun.

Föstudaginn 30. október héldum við uppá afmæli skólans með veglegri hátíðardagskrá í Félagsheimilinu og síðan var opið hús í skólanum, þar sem m.a. var boðið upp á 8 metra langra afmælistertu. Fjöldi gesta heimsótti okkur þennan dag og fengum við gjafabréf frá kvenfélaginu og foreldrafélagi skólans, auk þess sem Mjólkurbúið gaf okkur rjómann í tertuna.

Fimmtudaginn 5. nóvember fóru nemendur 9. og 10. bekkja í árlega kynningarferð í Menntaskólann að Laugarvatni.

Nýr starfsmaður var ráðinn í 80% starf stuðningsfulltrúa vegna utanlögheimilisnemanda. Árni Þór var í fæðingarorlofi frá 27. október til 24. nóvember ýmsir kennarar töku að sé afleysingu og í sundtímum var önnur hreyfing í stað sunds. Stefnt er að því að bæta við sundtímum í apríl og maí í stað þeirra sem féllu niður núna.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Flúðaskóla á mánudaginn 16. nóvember. Nemendur í tíunda bekk fóru á milli vinnustaða og lásu ljóð eftir Davíð Stefánsson. Eftir hádegið vorum við í skóginum þar sem nemendur fóru í aldursblandaða hópa og leystu margs konar verkefni í stöðvavinnu, allt frá ljóðalestri

til drumbakasts. Allir fengu kakó og lummur sem steiktar voru á eldstæðinu í skóginum.

Árleg fræðsluvika eldvarnareftirlitsins fyrir 3. bekk í grunnskólum landsins var 23. – 27.nóv. Slökkviliðið kom í heimsókn föstudaginn 27. nóvember með fræðslu fyrir 3. bekkinga með tilheyrandi heimsókn í slökkvistöðina og kynningu á slökkvibílum. Að þessu loknu var síðan brunaæfing í skólanum fyrir alla nemendur og starfsfólk.

Niðurstöður úr samræmdum prófum fyrir Suðurkjördæmi má nálgast á www.námsmat.is

2. Fjárhagsáætlun 2010.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Gert er ráð fyrir 10% hækkun útseldum mat úr mótuneyti úr 200 í 220 kr. Í niðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar er gert ráð fyrir að heildarútgjöld að frádregnum tekjum verði 167.418.400 kr. Fræðslunefnd samþykkir að vísa áætluninni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

3. Félagsmiðstöðin Zero – forstöðumaður mætir.

Hjalti Sigurðsson, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zero fór yfir starfsemi hennar og ræddir hugmyndir um miðstöðina. Hann kynnti starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir næsta ár. Brýnasta verkefnið er úrbætur í húsnæðismálum. Fræðslunefnd er sammála túlkun forstöðumanns hvort ekki sé rétt að skoða hvort starfsemi miðstöðvarinnar heyrir undir Ferða-, æsku- og íþróttamálanefnd sveitarfélagsins.

4. Skólanámskrá.

Ræddar voru athugasemdir varðandi námskránnu. Samþykkt að skólastjórnendur gangi frá námskránni til endanlegrar útgáfu.

5. Önnur mál.

- a) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.** Formaður lagði fram til kynningar bréf frá sambandinu. Efni bréfsins er sameiginleg hvatning KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga til skóla og sveitarfélaga um hagnýtingu nýlegra rannsóknarniðurstaðna í skólastarfi.
- b) **Bréf frá FSU.** Í bréfinu kemur fram að skólinn hyggst ekki taka við grunnskólanemendum í fjarnám eftir áramót, skv. núverandi fyrirkomulagi. Við þetta muni kostnaður vegna viðkomandi nemenda færast yfir á viðkomandi sveitarfélag. Samkvæmt núgildandi lögum er það hlutverk Menntamálaráðuneytisins að standa straum af kostnaði vegna þessara nemenda. Fræðslunefnd mótmælir harðlega fyrirhugaðri breytingu og leggur til að Menntamálaráðuneytið fari eftir eigin regluverki í málinu.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundargerðin lesin yfir og samþykkt.

Fleira var ekki gert fundi slitið kl. 11.55